

Fundargerð 111. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 26. október 2021 kl. 14:00-15:00.
Haldinn í fjarfundi og Skipholti 50b.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Finnbogi Sveinbjörnsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Karl Rúnar Þórsson, Klara Baldursdóttir Briem, Magnús Ingvarsson.

Frá FA: Sigríður Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson.

Gestur: Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA

DAGSKRÁ

- 1. Fundargerð síðasta fundar** (Fskj. 01. Fundargerð 110. fundar).
Afgreiðsla: Fundargerð síðasta fundar samþykkt. Fundargerðin verður send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.
- 2. Þróun raunfærnimats, samspil við reglugerð og greiðslumódel. Haukur Harðarson frá FA kynnir.**
Sjá minnisblað í gögnum fundarins – fskj, 02. Raunfærnimat – Rýnt til framtíðar).
- 3. Verðlisti 2022 – Verðbreyting námsleiða og ráðgjafar.**
Afgreiðsla: Samþykkt að hækka ekki verðlista Fræðslusjóðs fyrir næsta ár. Framlög til sjóðsins hafa ekki haldið í við þróun verðlags undanfarin ár og nauðsynlegt að mæta því.
FA falið að skoða forsendur fyrir nýjum verðflokki í ráðgjöf þar sem greitt væri fyrir styttri viðtöl í anda kynningarviðtala sem áður voru í boði skv. verðlista.
- 4. Umsóknir 2022** (fskj. 04. Umsóknir 2022).
Lagt fram til kynningar. Frumvarp til fjárlaga 2022 er ekki komið fram og því liggur ekki fyrir áætlað framlags í Fræðslusjóð næsta ár og þar með að móta tillögur að úthlutun.
Umsóknir 2022 eru alls tæplega 1,172 milljónir, sem er sambærileg upphæð og undanfarin ár. Skiptast þær þannig: Námsleiðir 730,1 milljón (62,3%), Ráðgjöf 227,7 milljónir (19,4), Raunfærnimat 214,0 milljónir (18,3).
- 5. Umsókn Fisktækniskólinn** (f.skj. 5 Fiskt.skóli-Umsókn í Fræðslusjóð).
Í núverandi Skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs er tilgreint hvaða fræðsluáðilar eru samstarfsaðilar sjóðsins og ekki er gert ráð fyrir að fjölgun þeirra. Breyta þarf skilmálum sjóðsins hvað þetta varðar eigi að fjölga þeim sem fengið geta úthlutun úr sjóðnum til annarra verkefna en þróunarverkefna.
Afgreiðsla: Erindinu hafnað. Formanni og framkv.stj. FA og fjármálastjóra falið að svara erindi Fisktækniskólans.
- 6. Erindi frá samstarfsaðilum.**

- a. **Pekkingarnet Þingeyinga** – (Fskj. 6.a Vegna úthlutunar 2022).

Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál.

- a. **Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa - Lokaskýrsla, uppgjör við FA**

(fskj. 7.a. Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa).

Í framahaldi umræðu um dagskrárlið 2 fór Haukur um yfir helstu þætti verkefnisins og lokaskýrslu. Skýrslan er í fundargögnum, en einnig aðgengileg á vef FA. Eftir það vék Haukur af fundi og fundi haldið áfram skv. dagskrá. Afgreiðslu uppgjors frestað til næsta fundar.

- b. **Tilnefningar i úthlutunarnefnd og forgangssvið nýsköpunar og þróunarverkefna 2022.**

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.